

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð Breiðholts hefur farið yfir skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um hverfisráð og þjónustumiðstöðvar. Ráðið telur að **Valkostur II – Breytt uppbygging stjórnkerfis** henti best til framþróunar á þjónustu borgarinnar.

Um leið er mikilvægt að skilgreining þjónustu og útfærsla borgarhluta taki mið af sérstöðu Breiðholts og því starfi sem unnið hefur verið innan hverfisins undanfarið, m.a. í Breiðholtsverkefni sem hefur stuðlað að einfaldara stjórnskipulagi og aukinni samþættingu. Ráðið leggur því eindregið til að Breiðholt verði skilgreint sem sérstakur borgarhluti við breytta uppbyggingu stjórnkerfisins.

Þá er brýnt er að vægi rafrænnar þjónustu við íbúa verði aukið eins og kostur er. Þessi áhersla kemur skýrt fram í valkosti I en þykir ekki eins sýnileg í valkosti II.

Ráðið telur einnig að fækkun hverfisráða sé ekki til þess fallin að auka aðgengi íbúa í Breiðholti eða öðrum hverfum borgarinnar að ákvarðanatöku um málefni síns hverfis. Skýrt er tekið fram í skýrslunni að vilji borgaryfirvalda sé að auka aðgengi íbúa að ákvarðanatöku. Hverfisráð tekur undir þessi sjónarmið. Mikilvægt er að þróun á stjórnsýslu og þjónustu hafi nálægð við íbúa og þarfir þeirra í fyrirrúmi.